

Nd.

274. Frumvarp til laga

[113. mál]

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{5}$ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10, 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl. svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þenna hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftirá.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr. skal úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum s. l. ár, sbr. þó 3. gr. d.

Fé því, sem ekki verður úthlutað, vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, um 50% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð, samkv. ákvæðum 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

- a. Úthlutun samkvæmt 2. gr.
- b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um efirlit með sveitarfélögum.
- c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.
- d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkv. lögum um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögum frá 1960, 2. gr. 2. mgr.
- e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

4. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, samkv. 2. gr. skal greitt misserislega eftir á, fyrir 15. júlí og 15. janúar ár hvert.

Nú er sveitarfélag í vanskilum með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins eftir því, sem til vinnst.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkv. 3. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrir en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Jafnan er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að sveitarfélag, sem hlotið hefur aukaframlag samkv. 3. gr. d., skuli sett undir eftirlit, samkv. IV. kafla laga nr. 90/1940.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 4. gr.

6. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs, sem vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkv. 2. gr., allar greiðslur samkv. 3. gr. svo og allar afgreiðslur á vegum sjóðsins.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

8. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin ákvæði II. kafla laga nr. 67, 12. apríl 1945, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og VII. kafla framfærslulaga nr. 80, 5. júní 1947, um jöfnun framfærslukostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á árinu 1960, samkv. 2. gr. laganna, skal miða hámark framlagsins við niðurjöfnuð útsvör á árinu 1959 og má framlagið eigi vera meira en 35% af álögðum útsvörum 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 7. des. 1959, skipaði fjármálaráðherra, sem einnig fer með sveitarstjórnarmál, er varða tekjustofna sveitarfélaga, eftirtalda menn í nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um tekjustofna sveitarfélaganna: Birgi Finnson, alþm., Guðlaug Gíslason, aðlm., Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneyttisstjóra, sem er formaður nefndarinnar, Jónas Guðmundsson, formann Sambands ísl. sveitarfélaga, og Tómas Jónsson, varaformann Sambands ísl. sveitarfélaga, sem er ritari nefndarinnar.

Í tillögum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er gert ráð fyrir því, að veruleg upphæð af söluskatti, sem innheimtur verður til ríkisins, skuli renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. Er því óhjákvæmilegt að gera nú þegar gagngerðar breytingar á gildandi lagaákvæðum um Jöfnunarsjóðinn.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að Jöfnunarsjóður greiði árlega framlag til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra, þó þannig, að ekkert sveitarfélag geti fengið hærra framlag en nemur ákveðnum hundraðshluta útsvara þar næsta ár á undan. Í öðru lagi er lagt til, að jöfnun framfærslukostnaðar, samkv. VII. kafla framfærslulaga nr. 80/1947, verði felld niður. Þessi ákvæði eru þegar orðin úrelt, en nú þegar gert er ráð fyrir mjög auknum bótum almannatrygginga, virðist enn minni ástæða til þessarar jöfnunar en áður var.

Þó að með frumvarpi þessu sé lagt til, að sett verði sjálfstæð löggjöf um Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, er gert ráð fyrir því, að ákvæði þau, sem þetta frumvarp hefur að geyma, verði felld inn í löggjöfina um sveitastjórnarmál, sem unnið er að endurskoðun á. Þá verður einnig að líta á þetta frumvarp sem bráðabirgða-

lausn, þar eð ætla verður, að ýmsar breytingar verði gerðar á þessum ákvæðum í sambandi við lokatillögur um þessi efni.

Hér fara á efir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í samræmi við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1960, er lagt til, að fimmtungur söluskattsins renni til Jöfnunarsjóðsins, þó eigi lægri fjárhæð en nú er á fjárlögum eða 56 millj. króna á ári.

Um 2. gr.

Lagt er til, að tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr., verði úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra með þeirri takmörkun, að ekkert sveitarfélag geti þó fengið meira framlag en nemur 50% álagðra útsvara síðasta ár. Slík takmörkun er nauðsynleg vegna þess, að ella þyrftu sum sveitarfélög ekki að leggja á útsvör eða þá svo óveruleg útsvör, að óeðlilegt mætti kallast.

Þá er einnig lagt til, að því fjármagni, sem ekki kemur til úthlutunar samkv. þessari gr. frumvarpsins, vegna nefndrar takmörkunar, verði varið til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem Jöfnunarsjóður verður að bera samkv. ákvæðum 3. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Ákvæði a- og b-liðs þarfnast ekki skýringar, þar eð þessi ákvæði eru samhljóða gildandi lögum, sjá 11. gr. laga nr. 67/1945, 2. og 3. tl.

Þar eð í ráði er að setja lög um bráðabirgðabreytingu útsvarslaganna, sbr. annað frumvarp frá nefndinni, þar sem álagning útsvara verður bundin með lögfestum reglum, svo að ekki er öruggt, að öll sveitarfélög fái að leggja á útsvör, sem að fullu hrökkva fyrir útgjöldum þeirra, er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði til þess að jafna hallann, en um þetta fjallar d-liður greinarinnar, sjá nánar athugasemdir við 5. gr. frv.

Að sjálfsgöðu gæti skerðingarákvæði 2. gr. á almennu framlagi til sveitarfélaganna eigi gilt um aukaframlag það, sem hér um ræðir.

Um 4. gr.

Eðlilegt virðist að gera ráð fyrir því, að heimilt sé að ráðstafa framlagi Jöfnunarsjóðs til lúkningar vanskilaskuldum hlutaðeigandi sveitarfélags, vegna ríkisábyrgða, án þess að til komi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Um 5. gr.

Aukaframlag samkv. 3. gr. d. á að sjálfsgöðu ekki að veita fyrr en rannsókn hefur leitt í ljós, að hjá slíku framlagi verði ekki komizt. Félagsmálaráðuneytið hlutast eðlilega til um, að slík athugun fari fram, þegar beiðni berst um aukaframlag.

Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir því, að aukaframlag verði ekki veitt nema gerðar hafi verið þær lagfæringar á rekstri sveitarfélagsins, sem rannsóknin gefur tilefni til, t. d. niður hafi verið felld úgjöld, sem telja má óþörf, eða tekjustofnar sveitarfélagsins fullnýttir, þar á meðal t. d. álag á útsvör, samkv. gildandi reglum um útsvör, svo sem lög leyfa.

Um 6.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði:

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að skerðing á framlagi til sveitarfélaga verði miðuð við útsvör ársins á undan. Þar eð slíkt framlag, sem gert er ráð

fyrir í frumvarpi þessu, er nýmæli, svo að sveitarfélög fá nú verulegan tekjuauka, sem lækkar útsvörin í mörgum sveitarfélögum hlutfallslega mjög mikið, yrði lækkunin á útsvörum þeirra nú á fyrsta ári óeðlilega mikil ef ekki væri í fyrstu skipti miðað við lægri hundradshluta en gert er ráð fyrir, þegar framlegið hefur valdið lækkun útsvaranna.